

SIGLINGASTOFNUN

Alþingi  
Sjávarútvegsnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. 133/935*  
*komudagur 13.2.2007*

Kópavogi, 12.02.2007  
Tilv. 023  
SP

**Efni: Frv. til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, 432. mál, skilgreining veiða í atvinnuskyni.**


Siglingastofnun vísar til bréfs sjávarútvegsnefndar dags. 6. febrúar 2007, þar sem ofanefnt frumvarp er sent til umsagnar Siglingastofnunar.

Siglingastofnun Íslands gerir ekki athugasemdir við efni frumvarpsins. Siglingastofnun hefur skráð báta sem leigðir eru út til fiskveiða án skipstjóra, sem frístundafiskiskip. Þann 1. janúar 2007 voru 10 slík skip á aðalskipaskrá. Gengið hefur verið út frá því að um þau skip gildi almennar reglur um veiðar og afla þeirra skipa er stunda fiskveiðar í atvinnuskyni.

Gerð er krafa til þess að frístundafiskiskip uppfylli þær reglur sem gilda um fiskibáta varðandi smíði, búnað og skoðanir skv. reglum um smíði og búnað báta með mestu lengd allt að 15 metrum nr. 592/1994, reglum um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa, nr. 189/1994 og reglugerð um skoðanir á skipum og búnaði þeirra, nr. 1017/2003. Í þessum reglum eru heimildir til að veita undanþágur við tiltekna aðstæður og til tiltekinn skipaflokka, sbr. undanþágu sem veitt hefur verið vegna rafmagns í bátunum skv. reglum nr. 592/1994 og ekki hefur verið gerð krafa um að áhafnir hafi sérstök skírteini til skipstjórnar enda eru þær ekki að stunda veiðar í atvinnuskyni.

Siglingastofnun Íslands hefur veitt starfsleyfi fyrir útleigu frístundafiskiskipa að uppfylltum skilyrðum í framhaldi af úttekt á starfsemi, sem tekur m.a. til menntunar og þekkingar starfsmanna í landi, öryggisáætlunar og fyrirhugaðrar fræðslu til skipstjóra og annarra í áhöfn bátanna.

Virðingarfyllst,  
F. h. Siglingastofnunar Íslands,

  
Hermann Guðjónsson